



Umhverfisstofnun

b.t. Sóleyjar Bjarnadóttur, sérfræðings

Svið umhverfisgæða

Suðurlandsbraut 24,

108 Reykjavík

Fjarðabyggð, 31. janúar, 2022.

Umsókn um leyfi til varps dýpkunarefna í hafið vegna uppbyggingar 2. áfanga landfyllingar í Norðfjarðarhöfn

Undirritaður, fyrir hönd framkvæmdaraðila, Fjarðabyggðarhafna, kt. 470698-2179, sækir hérmeð um leyfi til að fá að varpa allt að 50.000 m³ af dýpkunarefni, náttúrulegu óvirku efni í hafið, til notkunar til uppbyggingar 2. áfanga landfyllingar í Norðfjarðarhöfn, sbr. 9. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

Landfyllingin er í samræmi við stefnu Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2018-2030 og deiliskipulagsins "Naust 1-Norðfjarðarhöfn og nágrenni", en nánari lýsingu má sjá í meðfylgjandi gögnum "Landfylling í Norðfjarðarhöfn - Gögn með umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 31. janúar, 2022".

Rétt er einnig að taka fram að Skipulagsstofnun hefur bent á að landfyllingin falli ekki undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021, eins og henni er lýst í meðfylgjandi gögnum.

Virðingarfyllst,

f.h. Fjarðabyggðarhafna,

Marinó Stefánsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs Fjarðabyggðar